

**Samþykkt stjórn Faxaflóahafna sf.
14. september 2015**

1. Sala rafmagns til skipa

Í reglugerð nr. 125 frá 2015 um brennisteinsinnihald í fljótandi eldsneyti er m.a. kveðið á um að til þess að stuðla að bættum loftgæðum og til að draga úr mengun skuli skip sem liggja við bryggju nota rafmagn úr landi í stað skipaeldsneytis eins og kostur er. Sé ekki möguleiki á að nota rafmagn úr landi skulu skip sem liggja við bryggju í höfnum landsins ekki nota skipaeldsneyti með meira brennisteinsinnihald en 0,1% (m/m).

Í fjárhagsáætlun Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir fjármunum í fjölgun tengla í lágspennu þannig að fleiri skip en nú geti fengið rafmagn úr landi.

Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkir að frá og með 1. janúar 2016 skuli öll skip, sem liggja við hafnarbakka og geta tekið við rafmagni úr landi tengjast landrafmagni. Þeim skipum sem unnt er að þjóna með þessum hætti er því óheimilt að keyra ljósavélar, nema viðvera þeirra í höfn sé innan við 6 klukkustundir.

Skip sem ekki geta tekið rafmagn úr landi skulu undantekningalaust uppfylla ákvæði reglugerðar um brennisteinsinnihald í eldsneyti.

2. Aðstaða hafsækinnar ferðapjónustu og farþegagjöld

Stjórn Faxaflóahafna sf. felur hafnarstjóra að láta vinna þarfagreiningu á uppbyggingu aðstöðu fyrir hafsækna ferðapjónustu í Gömlu höfninni og við Skarfabakka. Greiningin taki til komu farþega skemmtiferðaskipa og farþega hvalaskoðunarbáta, umfang nauðsynlegrar aðstöðu, móttöku- og farþegagjalda sem yrði lagt á frá og með 1. janúar 2018. Þarfagreiningin verði lögð fyrir stjórn Faxaflóahafna sf. á árinu 2016.

3. Skipulag hafnarsvæða

Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkir að fela hafnarstjóra að láta vinna heildar tillögu að framtíðar skipulagi hafnarsvæða fyrirtækisins, tillögurnar verði unnar með það að markmiði að mynda grunn fyrir aðalskipulag svæðanna ásamt því að stefnumörkun hafnarstjórnar séu skýr varðandi framtíð hafnanna. Tillögurnar verði unnar í samvinnu við skipulagsyfirvöld í þeim sveitarfélögum sem eiga Faxaflóahafnir ásamt notendum á viðkomandi hafnarsvæðum. Stefnt er að því að tillögurnar verði lagðar fyrir stjórn Faxaflóahafna sf. á árinu 2016.